

Nd.

328. Nefndarálit

um frv. til laga um rekstrarlánafélög fyrir bátaútleig og smáiðju.

Frá 1. minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Í nefndinni eru skoðanir mjög skiptar um nauðsyn og meðferð þessa máls. Meiri hlutinn vill afgreiða frv. með lítilli orðalagsbreytingu á 4. gr., 2. minni hluti vill gera á því verulegar breytingar og samþykkja aðalefnið, en undirritaður getur hvoruga þessa leið aðhyllzt og telur, eins og málum er kom-

ið, rétt að fresta lögfestingu frv. og hiða frekari árangurs þeirra ráðstafana, sem síðasta þing gerði til aukningar stofnfjár og rekstrarfjár fyrir útveginn.

Ríkissjóður hefir þegar ábyrgð tekið á mörgum milljónum króna af starfsfé bankanna og er nokkur vandi á um þann 3 millj. kr. viðauka, sem frv. ætlar af nýju til dreifingar og sem eðlilegast er, að þær ríkistryggðu lánsstofnanir útvegi á eigin ábyrgð og úthluti, ef þörf krefur og tryggingar eru fyrir.

Ég verð að líta svo á, að annarskonar ábyrgð eður atbeini ríkissjóðs við útveginn sé framar aðkallandi en þessi aukning rekstrarlána, og hefi þar einkum fyrir augum stuðning við útflutning isvarins fiskjar, sem almennt er óskað eftir og sem myndi að verulegum mun draga úr þörf rekstrarlána, er afurðirn- ar seldust fljótar en venja er til um verkaðan saltfisk.

Á undanförunum þingum hefir efni þessa frv. legið fyrir í ýmsum bún- ingi, bæði sérstakt og í sambandi við frv. til laga um Fiskveiðasjóð. Afgreiðsla þess máls á síðasta þingi barg þó aðeins stofnlánadeild sjóðsins, en niður féll fyrirhuguð rekstrarlánadeild hans, og olli þar mestu um erfiðleiki við öflun fjár, sem áhættunnar vegna eigi mátti ætla að fengist með vildari vaxtakjörum en bankarnir almennt veita.

Jafnframt fyrrgreindri lagasetningu síðasta þings um Fiskveiðasjóð og mikilli eflingu hans voru þá af þingsins hálfu gerðar aðrar og viðtækari ráð- stafanir um fullnægingu rekstrarlánaþarfar og almennra viðskipta. Má þar til telja lög um stofnun Útvegsbankans, sem með miklum fjárframlögum úr rík- issjóði var efldur til þeirrar lánastarfsemi, er frv. hnígur að, en í öðru lagi lög um sveitabanka, sem einnig beina fé til sömu starfsemi og Útvegsbankinn, þótt einkorðað sé það við ákveðna atvinnuhætti.

Viðhorfið um öflun rekstrarfjár er því að miklum mun bætt frá því, sem áður var, og með starfanði útibúum Landsbankans og Útvegsbankans í öll- um landshlutum eru skilyrði fengin til fullnægingar lánsþarfar einstaklinga og féлага fiskimanna og annara, sem með samábyrgð vilja styrkja lánstraust sitt.

Slikt skipulag þarf eigi að lögbjóða. Það er að sjálfsögðu öllum frjálst og bönkunum sízt áhættumeira en viðskipti einstaklinga, enda aðferðin þekkt og reynd í mörgum samvinnufélögum.

Eftir framansögðu legg ég til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

Rökstuddri dagskrá:

Með því að undanfarin þing hafa með mikilli eflingu lánsstofnana fyrir hvortveggi aðalatvinnugreinar landsmanna lagt undirstöðu að heilbrigðri þró- un atvinnuveganna, sem ætla verður, að fullnægt geti eðlilegr: viðskiptaþörf um nokkurt árabíl, ef vel er á haldið, og með því ennfremur, að ríkisábyrgð á öðr- um framkvæmdum útveginum til hagsbóta liggur nær en öflun fjár til aukinna rekstrarlána, telur deildin eigi ástæðu til að samþykkja frv. og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 4. apríl 1931.

Sveinn Ólafsson.